



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2011

Vörumerkin Unidrain og Evidrain

I.

Erindið

Mál þetta hófst með erindi Tengis ehf., dags. 21. júlí 2010. Í erindinu er þess krafist að Neytendastofa banni Múrbúðinni ehf. notkun vörumerkisins Evidrain í núverandi mynd, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og leggi stjórnvaldssektir á félagið, sbr. 22. gr. sömu laga.

Í bréfinu segir að árið 2004, hafi Tengi hafið innflutning og sölu á niðurföllum frá danska framleiðandanum Unidrain. Vörurnar, sem beri sama nafn og framleiðandi þeirra, séu seldar í verslunum Tengis. Niðurföllin frá Unidrain séu vottuð sem gæðavara og vel þekkt á markaði vatns- og hreinlætislagna.

Nýlega hafi Múrbúðin hafið innflutning og sölu á niðurföllum frá tyrkneska framleiðandanum Evimetal. Niðurföllin séu ný á íslenskum markaði og nánast óþekkt. Múrbúðin hafi hins vegar breytt nafni og vörumerki niðurfallanna úr Evimetal í Evidrain og hið nýja vörumerki sé nánast eins og vörumerki Unidrain. Múrbúðin hafi birt auglýsingu t.d. í Morgunblaðinu þann 13. júlí 2010 þar sem vörurnar séu auglýstar undir merkinu Evidrain og hafi nú fleiri auglýsingar verið birtar.

Unidrain sé skráð vörumerki í Danmörku og hafi vörur þess verið seldar hér á landi í sex ár undir sama vörumerki. Á grundvelli notkunar telji Tengi því að félagið hafi öðlast vörumerkjarétt hér á landi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Vegna málsins hafi Tengi þó ákveðið að fá vörumerkið Unidrain skráð hjá Einkaleyfastofu þann 16. júlí 2010.

Í bréfinu er um það fjallað að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997 felist í vörumerkjarétti að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerki hans. Þetta eigi annars vegar við ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru



eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hins vegar ef hætta sé á ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum.

Vörumerkin Unidrain og Evidrain taki bæði til gólfniðurfalla. Þar sem vörurnar séu sambærilegar sé vörumerkið Evidrain auðveldlega til þess fallið að valda ruglingshættu á vörunum. Með þessum hætti gætu neytendur haldið að vörurnar eigi sama viðskiptalega uppruna eða önnur ákveðin tengsl séu milli merkjanna. Tilgangur Múrbúðarinnar sé því augljóslega sá að valda ruglingi og nýta með ólögumætum hætti viðskiptavild Unidrain. Þar sem bæði skilyrði 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga séu til staðar telji Tengi ljóst að Múrbúðin hafi brotið gegn vörumerkjarétti Tengis.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a., gegni mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Fyrri málsliður 15. gr. a. hafi að geyma almennt bann við notkun auðkenna sem annar eigi, en rétturinn til þessara auðkenna geti hvílt á sérlöggjöf s.s. lögum um vörumerki. Í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Vörumerki Evidrain sé mjög líkt vörumerki Unidrain. Þó leturgerðin sé ekki nákvæmlega sú sama sé heildarmynd merkjanna mjög lík. Þar sem um svipaðar vörur sé að ræða geti vörumerki Múrbúðarinnar auðveldlega leitt til þess að villst verði á því og vörumerki Tengis. Á þeim grundvelli telji Tengi vörumerki Múrbúðarinnar andstætt ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Eins og áður hafi fram komið hafi Unidrain getið sér gott orð og sé vel þekkt á markaði vatns- og hreinlætislagna. Með notkun vörumerkisins Evidrain sé Múrbúðin því augljóslega að nýta sér viðskiptavild Unidrain í þeim tilgangi að afla sér viðskipta. Með þessum hætti hafi Múrbúðin reynt að villa um fyrir neytendum, enda miklar líkur á því að neytendur telji ákveðin tengsl vera með vörunum.

Af öllu framangreindu sé ljóst að Múrbúðinni sé óheimilt að nota vörumerki Evidrain í núverandi mynd þar sem það skapi ákveðna ruglingshættu fyrir neytendur og brjóti gegn vörumerkjarétti Múrbúðarinnar. Því sé um að ræða brot gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.



II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2010, var Múrbúðinni sent erindi Tengis til umsagnar. Svar barst með bréfi, dags. 4. ágúst 2010. Í bréfinu segir að Múrbúðin hafi þann 16. júlí 2010 sótt um skráningu á vörumerkinu Evidrain hjá Einkaleyfastofu og sé umsóknin þar til afgreiðslu. Henni hafi verið vel tekið og telji Einkaleyfastofa ekki annað sýnt en að vörumerki Múrbúðarinnar verði skráð og birt samkvæmt lögum um skráð vörumerki.

Fullyrðingar Tengis að um lík vörumerki sé að ræða eigi sér ekki stoð. Það eina sem sé sameiginlegt með þeirri vöru sem boðin sé til sölu af báðum aðilum sé að um niðurföll sé að ræða, þ.e. „drain“ á ensku. Mótmælt er fullyrðingu kvartanda um ólögmeta notkun á óskráðu vörumerki Tengis, Unidrain. Múrbúðin hafi aldrei notað það vörumerki í sínum auglýsingum.

Því sé ekki um ólögmeta notkun á vörumerki að ræða. Unidrain og Evidrain séu alls ólík vörumerki. Hvar vara sé framleidd eigi ekki að skipta máli eða að vara Tengis sé merkt sem dönsk gæðavara en að vara Múrbúðarinnar sé framleidd í Tyrklandi og því eitthvað varasamari. Hér sé um dylgjur að ræða um gæði vöru Múrbúðarinnar sem séu með engu rökstuddar. Múrbúðin hafi með engu móti villt fyrir neytendum, eina sök fyrirtækisins sé að bjóða vöru sem viðskiptavinum líki á verði sem keppinauturinn geti ekki boðið.

Múrbúðin hafi eins og áður segir sótt um skráningu á vörumerkinu Evidrain og heyri því málið undir Einkaleyfastofu, sbr. lög nr. 45/1997.

Múrbúðin telji sig réttan eiganda að vörumerkinu Evidrain og notkun á því bæði heimil og lögleg. Gerð er sú krafa að kvörtun Tengis verði vísað frá Neytendastofu þar sem hún byggi á röngum forsendum og að kvartanda verði gert að greiða Múrbúðinni málskostnað vegna tilefnislausrar kæru.

2.

Bréf Múrbúðarinnar var sent Tengi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 25. ágúst 2010. Í bréfi Neytendastofu er tekið fram að stofnunin hafi óskað eftir upplýsingum Einkaleyfastofu um skráningu vörumerkja Tengis og Múrbúðarinnar. Múrbúðin hafi óskað eftir skráningu orðmerkisins EVIDRAIN en Tengi hafi óskað eftir skráningu orð- og myndmerkisins UNIDRAIN. Því komi útlit merkjanna ekki til skoðunar Einkaleyfastofu. Þar sem í erindi Tengis til Neytendastofu sé kvartað yfir ruglingshættu vegna útlits merkjanna og slíkt mál sé ekki til meðferðar annars stjórnvalds þá muni Neytendastofa halda meðferð málsins áfram. Í bréfi stofnunarinnar til Múrbúðarinnar var vakin athygli á því að sú ákvörðun stofnunarinnar að vísa



málinu ekki frá yrði kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála þegar efnisleg niðurstaða málsins lægi fyrir, sbr. 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Svar Tengis barst með bréfi, dags. 1. september 2010. Í bréfinu segir að röksemdir Múrbúðarinnar séu byggðar á misskilningi, enda komi hvergi fram í kvörtun Tengis að Múrbúðinni sé óheimilt að nota orðmerkið Evidrain. Í málinu sé deilt um notkun Múrbúðarinnar á vörumerkinu Evidrain í núverandi mynd, sem sé mjög líkt vörumerki Unidrain. Það sé útlit vörumerkjanna sem Tengi telji til þess fallið að skapa ruglingshættu.

Eins og fram komi í bréfi Neytendastofu, dags. 25. ágúst 2010, hafi Múrbúðin einungis óskað eftir skráningu orðmerkisins Evidrain. Hins vegar hafi Tengi óskað eftir skráningu orð- og myndmerkisins Unidrain. Heildarmynd vörumerkjanna Unidrain og Evidrain sé mjög lík sem geti auðveldlega leitt til þess að neytendur villist á vörumerkjunum. Vörumerki Evidrain skapi því ákveðna ruglingshættu sem jafnframt geti leitt til þess að neytendur telji ákveðin tengsl vera með vörunum. Af framangreindu telji Tengi því ljóst að Múrbúðinni sé óheimilt að nota myndmerki Evidrain í núverandi mynd, enda geti það leitt til þess að villst verði á því og vörumerki Unidrain sem Tengi noti með fullum rétti, sbr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Í bréfi Múrbúðarinnar komi fram að sótt hafi verið um skráningu á vörumerkinu Evidrain hjá Einkaleyfastofu þann 16. júlí 2010. Hins vegar hafi Múrbúðin auglýst Evidrain í Morgunblaðinu þann 13. júlí s.á., en í auglýsingunni hafi birst vörumerki Evidrain sem skrásett merki. Á þeim tímapunkti hafði Múrbúðin ekki sótt um skráningu vörmerkisins. Neytendum hafi því verið veittar rangar upplýsingar, líkast til í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Með þessum hætti hafi neytendur verið blekkir á grundvelli f. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Unidrain sé skráð vörumerki í Danmörku, en vörur þess hafi verið seldar hér á landi í sex ár. Á grundvelli notkunar telji Tengi sig því hafa öðlast vörumerkjarétt hér. Unidrain sé því réttilega merkt sem skrásett vörumerki. Tengi telji þá háttsemi Múrbúðarinnar að auglýsa Evidrain sem skráð vörumerki, á þeim tíma sem ekki hafði verið óskað eftir skráningu, einnig framkvæmda í þeim tilgangi að líkja enn fremur eftir vörumerki Unidrain og þannig valda ruglingshættu á vörunum.

Að lokum geri Tengi athugasemdir við fullyrðingar Múrbúðarinnar um gæði umræddra vara. Í erindi Tengis komi hvergi fram að Evidrain sé varasamari vara en Unidrain og flokkist ekki sem gæðavara. Staðreyndin sé sú að Unidrain sé þekkt gæðavara á markaði niðurfalla. Hins vegar sé Evidrain ný vara á umræddum markaði og því nánast óþekkt hér á landi. Á þeim grundvelli telji Tengi augljóst að Múrbúðin sé að nýta viðskiptavild Unidrain í þeim tilgangi að afla sér



viðskipta, enda sjái Múrbúðin greinilega ástæðu til þess að hafa hið nýja vörumerki Evidrain eins og vörumerki Unidrain.

3.

Þann 3. september 2010 barst Neytendastofu bréf Múrbúðarinnar, dags. 31. ágúst 2010, þar sem segir að Múrbúðin hafi sótt um skráningu vörumerkisins Evidrain hjá Einkaleyfastofu þann 16. júlí 2010 í flokki 11. ekki hafi verið sótt um myndmerki í litum eða þrívídd. Umsókn Múrbúðarinnar sé enn til meðferðar hjá Einkaleyfastofu og sé búist við niðurstöðu fljótlega. Verði niðurstaða rannsóknar Einkaleyfastofu jákvæð þá muni Múrbúðin öðlast einkarétt á notkun á vörumerkinu Evidrain. Í bréfi Neytendastofu, dags. 25. ágúst 2010, sé því slegið föstu að kvartað hafi verið af hálfu Tengis vegna hættu á ruglingi. Vörumerki séu skráð á grundvelli laga nr. 22/1997 að undangenginni rannsókn sem meðal annars fari fram vegna annarra skráðra vörumerkja til að forðast rugling og fleira. Umsókn um skráningu á vörumerkinu Evidrain sé til úrvinnslu hjá stjórnvaldi sem fari með vörumerkjaskráningu hér á landi. Megi skilja bréf Neytendastofu svo að hún muni meta á sjálfstæðan hátt einkarétt Múrbúðarinnar á vörumerkinu Evidrain verði hann veittur. Staðfest sé að Múrbúðin hafi greitt fyrir umsókn sína til Einkaleyfastofu fyrr en Tengi sem hafi sótt um skráningu á vörumerkinu Unidrain.

Því hefði Múrbúðin talið eðlilegt að afgreiðslu þessa erindis yrði frestað þar til niðurstaða fengist í afgreiðslu á umsókn Múrbúðarinnar til Einkaleyfastofu og síðan felld yrði einkarétturinn veittur enda þá um lögvarinn rétt Múrbúðarinnar til vörumerkisins að ræða.

4.

Bréf Tengis, dags. 1. september 2010, var sent Múrbúðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. september 2010. Svar barst með bréfi, dags. 15. september 2010. Í bréfinu segir að með auglýsingu í ELS tíðindum þann 15. september 2010 liggi fyrir afgreiðsla Einkaleyfastofu á umsókn Múrbúðarinnar á vörumerkinu Evidrain. Evidrain sé nú skráð vörumerki sem varið sé af vörumerkjalögum og rétthafi þess sé Múrbúðin.

Múrbúðin hafi einu sinni notað orðið Evidrain í auglýsingu stuttu áður en sótt hafi verið um einkarétt til notkunar á vörumerkinu og hafi það verið vegna mistaka. Úr því hafi verið bætt og því hugmyndir um vísitandi blekkingar langsóttar í besta falli.

Múrbúðin hafi ekki kvartað undan notkun á vörumerkinu Unidrain enda hafi Tengi öðlast rétt til þess vörumerkis. Einkaleyfastofa hafi hins vegar eins og fram hafi komið í andsvörum fjallað um þau skilyrði sem þessi vörumerki eigi að uppfylla og hafi allra sjónarmiða verið gætt. Og þar sem niðurstaða sé komin í málið, tekin af þar til bærum stjórnvöldum þá telji Múrbúðin ljóst að ekki sé tilefni til frekari aðgerða. Tengi hafi ekki sýnt fram á að neytendur eða Tengi sjálf hafi orðið fyrir tjóni vegna auglýsinga Múrbúðarinnar.



5.

Tengi var sent bréf Múrbúðarinnar til upplýsinga með bréfi Neytendastofu, dags. 21. september 2010, og tilkynnt að gagnaöflun þess væri lokið. Með bréfinu var aðilum málsins sendur listi yfir gögn málsins.

Með bréfum Neytendastofu, dags. 6. desember 2010, var aðilum málsins tilkynnt að því miður væru fyrirséðar frekari tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri til þess að því yrði lokið innan fjögurra mánaða.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Tengí ehf. yfir notkun Múrbúðarinnar ehf. á vörumerkinu Evidrain. Tengí hafi í sex ár selt vörur frá Unidrain undir því vörumerki og hafi því öðlast vörumerkjarétt fyrir notkun merkisins. Múrbúðin hafi nú hafið sölu á vörum frá Evimetal undir merkinu Evidrain. Tengí telji ruglingshættu milli merkjanna mikla og Múrbúðina því brjóta gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Við meðferð málsins var einnig kvartað yfir því að Múrbúðin hafi í auglýsingu sinni birt merkið með þeim upplýsingum að um skráð vörumerki væri að ræða. Á þeim tíma hafi þó ekki verið lögð inn umsókn um skráningu þess hjá Einkaleyfastofu og því væri um að ræða villandi upplýsingar gagnvart neytendum og brot gegn ákvæði f. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Múrbúðin hafnar því að ruglingshætta sé milli merkjanna og hefur bent á að eina samlíking þeirra sé orðið „drain“ sem sé enskt og merki niðurfall. Það orð sé því lýsandi fyrir vörur beggja aðila. Þá er því hafnað að reynt hafi verið að villa um fyrir neytendum. Fyrir mistök hafi vörumerkið birst í auglýsingu áður en sótt hafði verið um skráningu þess hjá Einkaleyfastofu.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 9. gr. laga nr. 57/2005 er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almenntri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef



neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Tengis er vísað til f. liðar ákvæðisins. Þar segir að ekki megi veita rangar upplýsingar um:

„réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi“

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

3.

Við meðferð málsins fór Múrbúðin fram á að því yrði vísað frá meðferð Neytendastofu þar sem báðir aðilar höfðu lagt inn umsókn til Einkaleyfastofu um skráningu vörumerkja sinna. Það væri því á valdi Einkaleyfastofu að skera úr um hvort ruglingur væri á milli merkjanna.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 25. ágúst 2010, var þeirri kröfu hafnað þar sem stofnunin hafði fengið upplýsingar frá Einkaleyfastofu um að Múrbúðin hafi óskað eftir skráningu orðmerkis en Tengi eftir skráningu orð- og myndmerkis, því kæmi útlit merkjanna ekki til álita við skráningu hjá Einkaleyfastofu.

Samkvæmt stjórnarsýslurétti á sama mál ekki að vera til meðferðar tveggja stjórnvalda á sama tíma. Því leitaði stofnunin upplýsinga hjá Einkaleyfastofu um stöðu umsóknanna til þess að



ganga úr skugga um að ekki yrði fjallað um sama álitaeefnið hjá báðum stofnunum. Þar sem í svari Einkaleyfastofu kom fram að útlit merkjanna kæmu ekki til álita taldi Neytendastofa því ekki rétt að vísa málinu frá. Þá skal einnig til þess litið sem fram hefur komið að ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 veitir eigendum vörumerkja mikilvæga viðbótarvernd við þá vernd sem t.d. ákvæði vörumerkjalaga veita þeim.

4.

Í erindi Tengis er kvartað yfir notkun Múrbúðarinnar á vörumerkinu Evidrain. Við meðferð málsins hefur Tengi lagt á það áherslu að kvörtunin snúi að myndmerki Múrbúðarinnar í heild sem sé mjög líkt myndmerkinu Unidrain. Ekki sé kvartað yfir orðmerkinu.

Merki Tengis er með orðinu „unidrain“ rituðu í lágstöfum með dökku gráu lettri en merki Múrbúðarinnar er með orðinu „evidrain“ rituðu í lágstöfum með svörtu lettri. Leturgerð merkjanna er mjög áþekk og hafa þau bæði sömu endingu, þ.e. orðið „drain“ auk þess sem bæði merkin hafa „R“ í hring fyrir aftan og ofan orðin. Samkvæmt upplýsingum frá Einkaleyfastofu hefur „R“ í hring fyrir aftan og ofan merki engan tilgang hér á landi og gefur merkjum engan rétt umfram önnur.

Báðir aðilar lögðu inn umsókn fyrir skráningu vörumerkja sinna hjá Einkaleyfastofu þann 16. júlí 2010 og fengust merkin skráð þann 1. september s.á. Þegar umsóknirnar höfðu verið lagðar fram fékk Neytendastofa, eins og áður segir, upplýsingar um að annar aðilinn hafi óskað eftir skráningu orðmerkis en hinn skráningu orð- og myndmerkis. Nú þegar bæði merkin hafa fengið skráningu er ljóst að báðir fengu skráð orð- og myndmerki.

Að mati Neytendastofu eru myndmerkin mjög áþekk og mikil hættu á að ruglingur verði milli þeirra. Í gögnum málsins hefur komið fram að Tengi hefur notað sitt merki frá árinu 2005 en Múrbúðin hóf notkun á merki sínu árið 2010. Að teknu tilliti til þess og þeirrar ástæðu að vörumerki á þeim vörum sem Múrbúðin flytur inn og selur er „Evimetal“ en félagið ákvað að breyta merkinu og selja vörurnar undir vörumerkinu „evidrain“ telur Neytendastofa Tengi njóta betri réttar til merkisins.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að Múrbúðin hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 með notkun myndmerkisins „evidrain“ í þeirri mynd sem það er þar sem mikil ruglingshætta er milli þess og myndmerkisins „unidrain“ sem Tengi á.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Múrbúðin ehf., Kletthálsi 7, Reykjavík, hefur með notkun myndmerkisins „evidrain“ brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa notkun Múrbúðarinnar á merkinu í þeirri mynd sem það er nú. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 13. maí 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir